RSK — RÍKISSKATTSTJÓRI

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

DAGSETNING: Reykjavík, 30. nóvember 2006
TILVÍSUN: 2006110199
T-ums 15/06

**Alþingi**
**Erindi nr. Þ** 133/496
**komudagur** 4.12.2006

**Umsögn um 24. mál, frumvarp til laga um Ríkisútvarpið**

Með bréfi háttvirtrar menntamálanefndar Alþingis, dagsettu 10. nóvember 2006, er óskað umsagnar ríkisskattstjóra um frumvarp á þingskjali 24, um breytingu á lögum nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið, með síðari breytingum. Fer hún hér á eftir.

Í frumvarpinu er lagt til að felld verði brott úr gildandi lögum öll efnisákvæði varðandi ákvörðun og innheimtu afnotagjalda af útsendingum Ríkisútvarpsins, en í stað þess verði ný efnisákvæði þar um sett í sérstökum lögum. Lagt er til að gjaldstofn miðist við íbúðir og atvinnuhúsnæði í stað þess að miðast við eign viðtækja eins og nú er. Ríkisskattstjóri telur ótækt að fella brott efnisákvæði um ákvörðun og innheimtu afnotagjalda með þessum hætti, án þess að samhliða verði kveðið á um nýja skipan afnotagjaldanna.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra

Bjarni Amby Lárusson

Sigurjón Högnason